

**Nd.**

### **38. Breytingartillögur**

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Vilmundi Jónssyni.

1. Fyrir „laganna“ í upphafi frvgr. kemur: laga nr. 101 19. júní 1933.
2. Aftan við frvgr. bætist nýr rómv. liður:  
Á eftir XVII. b. í lögum nr. 72 23. júní 1936 bætast nýir liðir:
  - a. *Súðavíkurvegur*: Frá Seljalandsá í Skutulsfirði um Arnardal til Súðavíkur.
  - b. *Skorarheiðarvegur*: Frá Hrafnfjarðareyri í Jökulfjörðum til Furufjarðar á Ströndum.
  - c. *Látravegur*: Frá Hekleyri um Hesteyri að Látrum í Aðalvík.
3. Við fyrirsögn frv. bætist: og á lögum nr. 72 23. júní 1936.